

Innheimta félagsgjalda

Félagið hefur nú breytt til nútímalegri vinnuhátta við innheimtu félagsgjalda og við útgáfu nýjasta greiðsluseðils aðstoðaði Sparisjóður Norðlendinga við prentun og utanumhald greiðsluseðla en Umslag ehf setti seðlana í umslög og kom þeim í dreifingu.

Þau mistök áttu sér stað að greiðsluseðlarnir voru prentaðir út skv. tengingu kennitölu í þjóðskrá við lögheimili. Þetta hefur valdið dálitlum ruglingi sums staðar því að innheimtan var áður send beint á kaupanda eða félagsmann á heimilisfang sem hann gaf upp, en nú fóru seðlarnir sumsé á lögheimili þar sem e.t.v. enginn kannaðist við Náttúrufræðinginn! Beðist er velvirðingar á þessu.

Árgjald 2002

Sumir félagsmenn hafa haft samband við félagið og viljað fá skýringu á því að á seðlinum stendur að verið sé að innheimta árgjald fyrir árið 2002. Þetta er ekki misritun.

Fyrir um tveimur árum ákvað stjórn félagsins að fresta innheimtu árgjalda frá og með 2002 þar sem nokkur seinkun var komin á útgáfu Náttúrufræðingsins. Nú í sumar komu út 1. og 2. hefti 72. árgangs sem átti með réttu að koma út 2002 og þess vegna þótti réttlætlegt núna að senda árgjaldið í innheimtu.

Þar sem þetta hefur valdið sumum heilabrotum og jafnvel angri eru félagsmenn beðnir velvirðingar á þeim leiðu mistökum að greiðsluseðillinn skyldi sendur út á undan þessu fréttabréfi.

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla félagsins er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
Hlemmi 3, 125 Reykjavík
Netfang: hin@hin.is
Sími: 5900500
Ábm. Félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist

Félagsbréf



3. tölublað

September 2004

29. árgangur

„Myndun og mótun Vestmannaeyja“

Fyrsta fræðsluerindi HÍN nú í haust verður haldið **mánudag 27. september n.k. kl. 17:15 í Öskju**. Þá mun dr. Ármann Höskuldsson jarðfræðingur á Raunvísindastofnun Háskólans flytja erindið: „Myndun og mótun Vestmannaeyja frá síðjökultíma til vorra daga“. Fylgir hér útdráttur úr erindi Ármanns:

„Vestmannaeyjar eru gjarnan taldar bera vitni um það að Austurgosbeltið sé að teygja sig til suðurs í átt að Reykjaneshrygg. Í júlí og ágúst árið 2003 voru gerðar rannsóknir á hafsbotninum í kringum Vestmannaeyjar. Við þessar mælingar var notast við rannsóknarskipið Bjarna Sæmundsson sem er í eigu Hafrannsóknarstofnunarinnar. Þá var farið yfir sama svæði með EM300 fjölgeislataeki Hafrannsóknarstofnunarinnar sem er um borð í Árna Friðrikssyni.

Mælingar á svæði rétt SA af Surtsey sem gengur undir nafninu Stórahraun komu mjög á óvart. Á sjúkortum er þetta svæði sýnt sem stór kollur er skagar upp fyrir umhverfið. Mælingarnar sýndu að á há kollinum voru þrír myndarlegir gígar. Dýpi niður á gígana er frá 75 til 100 metrar. Nánari athugun á gígunum sýnir að sá stærsti er um 1 kílómetri í þvermál en hinir tveir eru 400 til 500 metrar í þvermál.

Svo umfangsmiklir gígar geta eingöngu hafa myndast í miklu sprengigosi og líklegast á mörkum þurr- og votlendis. Gígarnir eru mjög vel varðveittir og lítt rofnir, samanborið við aðra gíga sem á svæðinu. Þetta gefur til kynna að móbergsmýndun þeirra, hafi átt sér stað áður en að þeir fóru á kaf í sæ. Því má

draga þá ályktun að eldgos það sem að myndaði gígana hafi átt sér stað þegar gosstöðvarnar voru nærri sjávarmáli.

Ummerki lægri sjávarstöðu við Eyjar koma einnig fram á sniði milli lands og Eyja. Dýpi niður á þessar menjar er svipað og við Stórahraun, eða um 75 metrar.

Þessar niðurstöður styðja þá ályktun að á síðasta jökulskeiði hafi sjávarmál á þessu svæði verið um 80 til 100 metrum lægra en það er í dag. Í ljósi þessa og í samhengi við eldri gögn mun Vestmannaeyja svæðið hafa verið að mestu íslaut á þessum tíma og myndað skaga út í hafið. Hryggurinn milli Surtseyjar og Heimaeyjar ber hinsvegar merki þess að þar hafi eldvirkni verið tíð eftir að sjávarstaða tók að breytast að nýju. Yngstu menjar á þessu svæði er að finna á Geldungs-Helliseyjar svæðinu metið út frá rofi haföldunnar.“

Næsta fræðsluerindi HÍN

Næsta fræðsluerindi HÍN verður haldið 25. október nk. Kl. 17:15 í Öskju. Þá mun dr. Andrés Arnalds fagstjóri hjá Landgræðslu ríkisins flytja erindi sem hann nefnir *Landheilsa jarðar- ástand lands í heiminum*.

Minnt er á að aðgangur á fræðsluerindi HÍN er ókeypis og öllum opin.

Heimasíða HÍN: www.hin.is

Að undanfögnu hefur verið unnið að uppsetningu á heimasíðu HÍN og má sækja síðuna heim á slóðinni <http://www.hin.is>

Heimasíðan er enn í mótnun en brátt munu félagsmenn geta sótt þangað ýmsar upplýsingar um starfsemi félagsins, s.s. um fræðslufundi, fræðsluferðir og afgreiðslur stjórnar, málefni Náttúrufræðingsins, auk margvíslegs annars fróðleiks um náttúru og umhverfismál.

Vonandi fellur þetta framtak félagsmönnum vel í geð og væri fengur af því að fá ábendingar um hvaðeina sem lýtur að gerð heimasíðunnar. Ábendingar er hægt að senda á netfangið hin@hin.is

Fræðsluferð HÍN frestað

Af óviðráðanlegum orsökum varð að fresta fræðsluferð HÍN sem fyrirhuguð var í sumar í Grændal nálægt Hvergagerði.

Stefnt er að því að fara ferðina í byrjun júní á næsta ári og er gert ráð fyrir kvöldferð í miðri viku. Grændalur er rómaður fyrir grósku og jarðhita og þar eru jafnframt uppi áætlanir um virkjun jarðvarmaorku. Með í för verða Eyþór Einarsson grasfræðingur og Helgi Torfason jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Nánari upplýsingar um ferðina verða auglýstar í fjölmiðlum og með rafpósti til félagsmanna þegar nær dregur ferðinni.

Síðasta fræðsluferð var farin laugardag 29. maí og var þá siglt um Sundin blá við Reykjavík og lónað umhverfis Lundey og farið í land í Viðey. Um 30 manns tóku þátt og undu sér vel í ágætu veðri og við góða leiðsögn þeirra Árna Hjartarsonar jarðfræðings hjá Ísor, Konráðs Þórissonar líffræðings hjá Hafrannsóknastofnuninni og Ólafs Einarssonar fuglafræðings hjá Fuglaverndarfélagi Íslands.

Gjábakkavegur

Í byrjun september rann út frestur hjá Skipulagsstofnun til að skila inn athugasemdum vegna fyrirhugaðrar vegagerðar á Gjábakkaleið milli Þingvalla og Laugarvatns, en framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Stjórn HÍN gerði athugasemdir við framkvæmdina, en eins og félagsmönnum er kunnugt hefur félagið ítrekað ályktað á aðalfundum síðustu ára um nauðsyn þess að fara að öllu með gát á þessu merka og fagra landssvæði. Í stuttu máli sagt hvatti stjórn HÍN til þess að fallið yrði frá vegtæknilegum forsendum fyrir vegarlagningunni, sem miðast við uppbyggðan veg og ökuhraðann 90 km klst, en þess í stað miðað við sama vegstaðal og gildir í Þjóðgarðinum og nýlega endurbættan Grafningsveg. Þá var bent á að ný vegarlagning á svæðinu, einkum á vestanverðri Lyngdalsheiði, samrýmdist hvorki nándinni við Þjóðgarðinn á Þingvöllum og heimsminjasvæði UNESCO, né tillögu Umhverfisstofnunar um stækkun Þjóðgarðsins eða tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndarsvæði, sem settar hafa verið fram í tengslum við náttúruverndaráætlun sem nú liggur fyrir Alþingi.